

EFTIRLITSSKÝRSLA

HULA bs. Skógasandur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.11.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Fyrirtæki	HULA bs.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hlíðarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4306972269	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ágúst Ingi Ólafsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik frá starfsleyfi komu fram í eftirlitinu. Engin athugasemd var gerð í eftirlitnu og var umgengni um urðunarstaðinn almennt góð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í sorpurðun Byggðasamlagsins Hulu á Skógarsandi. Farið var yfir skráningar og eftirlitsmælingar er rekstraraðili þarf að standa skil á og þau tímamörk er gilda.

Samkvæmt gr. 3.4 í starfsleyfi skal starfrækja kerfi til söfnunar á hauggasi. Í minnisblaði er sent var til Umhverfisstofnunar 27. mars 2014 leggur rekstraraðili fram útreikninga til stuðnings óskar um undanþágu frá kröfu um gassöfunum samkvæmt lið 4.2.4. í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Umhverfisstofnun fellst ekki á þá útreikninga er lagðir eru fram í minnisblaðinu en samþykkir þrátt fyrir það ósk rekstraraðila um undanþágu frá gassöfnunarkröfu. Skv. lið 4.2.6. í sama viðauka kemur fram að ef ekki sé gerð krafa um söfnun hauggass sé ekki gerð krafa um sýnatöku og mælingar á hauggasi. Því fellur niður bæði gr. 3.4 í starfsleyfi og síðustu tveir liðirnir í mælingaáætlun í starfsleyfi.

Samkvæmt gr. 3.5 í starfsleyfi skal söfununarstöð lögð bundnu slitlagi og skal fráveituvatn frá þeim hluta stöðvarinnar þar sem spilliefnum er safnað saman og þau geymd og þar sem tekið er við öðrum úrgangi sem mengað getur frárennsli leitt í sandfang og olíuskilju áður en það er leitt í jarðveg um siturlögn eða grjótsvelg á athafnarsvæði. Samkvæmt gr. 3.6 skal halda skrá yfir eftirlit, viðhald og tæmingar olíuskilju og sandfang. Fram kom í eftirliti að á staðnum er ekkert bundið slitlag á Hulu og ekkert fráveitukerfi, hvorki með sandfangi og olíuskilju né án. Að sögn rekstraraðila er ekki rekin söfnunarstöð á staðnum nema í viku til tíu daga að voru og hausti þegar íbúar geta komið með stóran úrgang, s.s. bílhæ og spilliefni.

Samkvæmt gr. 5.1 á rekstraraðili að hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Gerð er krafa um að rekstraraðili haldi skráningar um 13 tölusettt atriði og samkvæmt gr. 5.4 skal senda þessar skráningar fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Einungis höfðu borist upplýsingar um úrgang er urðaður var á Hulu árið 2015.

Samkvæmt gr. 5.2 á rekstraraðili að vakta grunnvatn og jarðveg. Tvisvar á ári á að mæla hæð og samsetningu grunnvatns í þremur grunnvatnsholum, átti seinni mælingin að fara fram fyrir 1. október. Einnig á að mæla mengunarefni í jarðvegi annað hvert ár, fyrst árið 2014, fyrir 1. október. Engar niðurstöður úr eftirlitsmælingum höfðu borist fyrir árið 2015 er eftirlitið fór fram og vissi rekstraraðili ekki hvort þessar mælingar höfðu farið fram á þessu ári. Eftir eftirlitið sendi rekstraraðili niðurstöðu mælingar er fram fór í apríl 2015 en seinni mælingin 2015 virðist ekki hafa verið framkvæmd.

Aðspurður sagði rekstraraðili að sjónrænt mat færi fram á þeim úrgangi er bærast til urðunar jafnóðum til staðfestingar á að úrgangurinn væri tækur til urðunar.

Gengið var um urðunarstaðinn sem var vel girtur, hlið læst, og almennt snyrtilegur.

Frávik frá

Grein 3.5

Lýsing á frávik

Samkvæmt gr. 3.5 í starfsleyfi skal söfununarstöð lögð bundnu slitlagi og skal fráveituvatn frá þeim hluta stöðvarinnar þar sem spilliefnum er safnað saman og þau geymd og þar sem tekið er við öðrum úrgangi sem mengað getur frárennsli leitt í sandfang og olíuskilju áður en það er leitt í jarðveg um siturlögn eða grjótsvelg á athafnarsvæði. Ekkert bundið slitlag er á svæðinu.

Grein 5.1

Samkvæmt gr. 5.1 á rekstraraðili að hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Þessar skráningar áttu að berast fyrir 1. maí fyrir undangengið almanaksár en engar skráningar hafa borist fyrir 2015.

Grein 5.2

Samkvæmt gr. 5.2 á rekstraraðili að vakta grunnvatn og jarðveg. Tvisvar á ári á að mæla hæð og samsetningu grunnvatns í þremur grunnvatnsholum. Einnig á að mæla mengunarefni í jarðvegi annað hvert ár, fyrst árið 2014. Engar niðurstöður úr eftirlitsmælingum höfðu borist fyrir árið 2015 áður en eftirlitið fór fram en þær áttu að berast fyrir 1. maí 2016. Eftir eftirlitið sendi rekstraraðili niðurstöðu mælingar er

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.12.2016



Sverrir Aðalsteinn Jónsson